

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
150 Reykjavík

Reykjavík, 11.06.2002
Tilv. 40.13
JP/gg

Efni: Umsögn um mál 665, frumvarp til laga um þjónustu og endurhæfingastöð sjónskerta o.fl.

Í þessu frumvarpi eru ýmis nýmæli og á ýmsan hátt gerð tillaga um hliðstætt fyrirkomulag og tíðkast í nálægum löndum. Rétt er að benda á að skv. upplýsingum LSH er fyrirhugað að endurskoða l. 18/1984 í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti líkt og lög um Heyrnar- og talmeinstöð voru endurskoðuð á sl. ári. Af þeirri ástæðu er e.t.v. rétt að bíða með þetta frumvarp og taka efnisatriði þess til skoðunar við heildarendurskoðun l. 18/1984.

Að öðru leyti vill LSH koma eftirfarandi á framfæri um einstakan greinar frumvarpsins:

1. gr.:

Lagt er til að stofnunin verði kölluð Sjónstöð Íslands, en það hefur hún verið nefnd um árabíl í daglegu tali og er ágætt nafn.


2. gr.

b. (7.gr): Hér og víðar í frumvarpinu er talað um sjónskerta einstaklinga yngri en 18 ára. Þetta getur valdið verulegum misskilningi þar sem, skv. lögum og reglum og hefðum, hafa þeir verið taldir sjónskertir einstaklingur á Íslandi hverrar sjón ekki var hægt að bæta með glerjum. Þannig eru þeir sem eru með lakari sjón en 0,3 á betra auga taldir sjónskertir (partially sighted) skv. skilgreiningu Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar (WHO). Lagt er til að notað verði annað orð til þess að fyrirbyggja misskilning. Mætti til að mynda tala um fólk sem ekki hefur fulla sjón nema það noti gleraugu eða sambærileg hjálpartæki.

c. Misskilningi virðist valda það sem kallað hefur verið **gleraugu í lækningaskyni** á undanförunum árum. Það hefur verið notað um þá einstaklinga/börn þar sem án gleraugnanotkunar hefur verið talin verulega hætt á varanlegum sjónmissi sem ekki yrði bætt úr síðar með gleraugum. Þvi er mikill munur þar á annars vegar og hins vegar hjá nærsýnum þar sem ekki má eiga von á slíkri varanlegri sjónskerðingu vegna skorts á gleraugnanotkun.

Á bls. 4 í greinargerð er vitnað til upplýsinga frá Augnlæknafélagi Íslands um að sjón ungra Íslendinga hafi hrakað mjög mikið undanfarin ár, en réttara er að tala um að gleraugnaþörf hafi aukist. Að lokum er rétt að benda á að skv. upplýsingum frá Friðberti Jónassyni, yfirlækni/prófessor við augndeild Landspítala, er honum ekki kunnugt um neinar rannsóknir sem sýna að sjón með bestu hjálpartækjum þ.m.t. gleraugum hafi hrakað verulega hjá íslenskum ungmennum á síðustu árum.

Virðingarfyllt



Magnús Pétursson, forstjóri